

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 523 15.
desember 1988.

1. gr.

e-liður 1. mgr. 1. gr. orðist svo:

- e. eftirvagnar bifreiða og dráttarvéla sem gerðir eru fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd, þó ekki eftirvagnar bifreiða á beltum eða dráttarvéla sem nær eingöngu eru notaðir utan opinberra vegna.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júní 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 207

24. maí 1993

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Landmanna-
hrepps og Holtahrepps í Rangárvallasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 24. maí 1993 staðfest sameiningu Landmannahrepps og Holtahrepps í Rangárvallasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 26. júní 1993, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. júlí 1993.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.